

**146. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 28. júlí 2015 í Sjávarsmiðjunni á Reykhólum**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður (í símasambandi), Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Erla Friðriksdóttir og Arnheiður Jónsdóttir. Trausti Baldursson forfallaðist.

*Fundarritarar:* Theódóra Matthíasdóttir og Pálmi Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:45.

**Fundargerð 145. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Nýtingarleyfi Félagsbúsins Miðhraun sf. vegna öflunar á þangi og þara**

Orkustofnun óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar varðandi umsókn Félagsbúsins Miðhrauni sf. fyrir nýtingarleyfi til öflunar á 6000 tonnum af þangi og þara, utan netlaga, úr Breiðafirði.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki sé til nægilega mikið af rannsóknum sem hægt er að byggja umsögnina á. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um það hvað fjörðurinn getur gefið af sér án þess að það hafi áhrif á lífríkið. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða viðbót við það sem þegar er verið að nýta. Breiðafjarðarnefnd hefur upplýsingar um aukinn áhuga á nýtingu úr firðinum og leggur því áherslu á að mikilvægt sé að hefja ítarlegar rannsóknir á lífríkinu sem fyrst.

**Reglugerð um meðferð varnarefna**

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um greinar 26. og 27. í drögum að reglugerð varðandi meðferð varnarefna.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við efni reglugerðarinnar en telur eðlilegt að nefndin verði upplýst ef veittar verða undanþágur um notkun varnarefna á verndarsvæðinu.

**Fjármál 2015**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun fyrir Breiðafjarðarnefnd fyrir árið 2015.

**Afgreiðsla:**

Tekin var ákvörðun um að ljúka við gerð „nytjabæklings“ á íslensku og ensku. Efnið er nokkuð klárt fyrir utan nokkrar myndir. Samþykkt að leita til Drífu Árnadóttur um uppsetningu bæklingsins.

Ljúka þarf þeim verkefnum sem þegar hefur verið byrjað á, svo sem örnefnaskráningu. Samþykkt að líta til samþykktrar verndaráætlunar hvað varðar næstu verkefni nefndarinnar.



### **Ný heimasíða Breiðafjarðarnefndar**

Leitað var eftir tilboðum í gerð nýrrar heimasíðu. Tilboð barst frá Tónaflóði en leitað verður eftir fleiri tilboðum.

### **Afgreiðsla:**

Samþykkt að nærtækast sé að óska eftir tilboðum frá fyrirtækjum í heimabyggð.

### **Önnur mál**

Breiðafjarðarnefnd barst ábending vegna aukinnar komu skemmtiferðaskipa á Breiðafjörð (t.d. Stykkishólm og Grundarfjörð) sem bjóða meðal annars upp á slöngubátaferðir fyrir farþega. Nefndin telur mikilvægt að umfjöllun um þessi mál fari af stað og reglur og kynningarefni verði sett upp fyrir farþega þessara skipa.

Endurskoða þarf skilti Breiðafjarðarnefndar í Flatey. Dagsetningum á skiltum í Flatey um lokun svæða ber ekki saman við verndaráætlun.

Pálma ritara þökkuð góð störf í þágu Breiðafjarðarnefndar.

Eftir fundinn heimsótti nefndin Norðursalt og Ingibjörg Smáradóttir kynnti starfsemina. Þar næst var Þörungaverksmiðjan á Reykhólum heimsótt og spjallað við Finn Árnason, framkvæmdastjóra. Að lokum var komið við hjá Bergsveini Reynissyni hjá Nesskel á Króksfjarðarnesi.

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 12:20. Næsti fundur verður haldinn 27. ágúst 2015.**